

Fundargerð

Dags.fundar 1. mars 2017	Staðsetning: Símafundur	Fundur settur: 13:00
Fundarboðari: GÁ.J.	Fundarritari: Katrín	Fundi slitið: 15:30

Fundarboðun send á / mættir og forfallaðir:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar	Tölvupóstur
x	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú ses	guðrun@austurbru.is
x	Katrín Reynisdóttir	Austurbrú ses	katrin@austurbru.is
x	Árni Óðinsson	Landsvirkjun	arni.odinsson@landsvirkjun.is
x	Geir Sigurpáll Hlöðversson	Alcoa	geir.hlodversson@alcoa.com
x	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð	anna.b.samuelsdottir@fjardabyggd.is
x	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshéraði	freyr@egilsstadir.is
x	Hjalti Jóhannesson	Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri	hjalti@unak.is

Efni / dagskrá:

- Fundur settur
- Mál á dagskrá
 - 2.1. Beiðni sjálfbærni- og umhverfisverkefnisins á Norðurlandi um sameiginlegt vefsvæði – frestað á síðasta fundi.
 - Ekki er talið tímabært að slá saman verkefnum í eitt vefsvæði þannig að því er hafnað eins og staðan er núna. Ástæður eru m.a. þær að eigendur verkefnanna eru mismunandi og að verkefni eru á mjög mismunandi stað í þróunarferli sínu. Samstaða er um að það væri eðlilegt að hafa tengla á síðum verkefnanna og að þau vísuðu á hvort annað.
 - 2.2. Úrvinnsla SVÓT greiningar ársfundar 2016.

Til umræðu:

Hvað merkja þessar niðurstöður, þarf að rýna nánar í þær?
Getum við gert eitthvað núna?

Getum við nýtt betur það sem er jákvætt?

Getum við unnið að því að snúa því sem er neikvætt til betri vegar og þá hvernig?

Er hægt að draga einhverjar almennar ályktanir um verkefnið af þessari SVÓT greiningu?

- Niðurstaða stýrihópsins í einfaldaðri samantekt er að SVÓT greiningin dragi fram að styrkleikar verkefnisins séu þekking og upplýsingar. Einnig er það styrkleiki að gögn safnast upp og tíminn vinnur með verkefninu eftir því sem gagnasafnið spannar lengra tímabil. Hér er tækifæri til að beina því að ráðuneytum og stofnunum að nýta gögn verkefnisins. Byggðastofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Skipulagsstofnun væru sem dæmi áhugaverðar til samstarfs.
- Meðal veikleika verkefnisins eru að viðskiptavinurinn og notagildi upplýsinga er óskilgreint. Það tengist öðru meginsteffi í niðurstöðum SVÓT greiningarinnar eða því að verkefnið er ekki nægilega sýnilegt.
- Stýrihópurinn er sammála því að auka þurfi sýnileika verkefnisins og mikilvægt sé að finna hvaða gáttir geta nýst til þess. Nýta má tengslanet stýrihópsfulltrúa inn í stofnanir og fyrirtæki og Austurbrú getur nýtt tengslanet sitt.
- Með stækkandi gagnasöfnum verkefnisins eykst túlkunarmöguleiki þess. Grunnvinna við viðhald og framsetningu gagnasafnsins fer minnkandi með tímanum og því ætti að skapast svigrúm til að vinna úr niðurstöðum eða finna utanaðkomandi aðila til að nýta gagnasafnið og vinna úr upplýsingunum. Það myndi auka sýnileika, gildi og trúverðuleika verkefnisins.
- Vonir eru bundnar við að það skapist ákveðið tækifæri til að vekja athygli á verkefninu og þróa það með úttekt Félagsvísindastofnunar HÍ (Guðbjargar Andreu Jónsdóttur og hennar fólks).
- Rætt um að kynna verkefnið og möguleika þess fyrir mikilvægum lykil aðilum, t.d. kennurum í háskóladeildum. Ákveðið að stýrihópsfulltrúar taki að sér að hafa samband við sitt tengslanet og verða punktar fyrir það útbúnir. Taka stöðuna á tengslamyndun og öðrum kynningarmálum í haust. Einnig var rætt um að kynna verkefnið fyrir sveitarfélögum á svæðinu en bíða með það þar til niðurstöður úr úttekt Félagsvísindastofnunar liggja fyrir.
- Huga þarf að framsetningu gagna í verkefninu þannig að það verði aðgengilegra.

2.3. Lógó sjálfbærni-Verkefnisins og forsendur vinnu við það (sbr. það sem var rætt á síðasta fundi stýrihópsins).

- Áætlað grunnjald við að láta gera Lógó er líklega nálægt 100.000 kr. Við bætist útfærsla á kynningarformati svo sem glærum, bréfsefni og öðru.
- Rætt um ferli og kostnað við hönnun lógós. Fulltrúi LV í stýrihópi mun skoða hvort samskiptasvið fyrirtækisins hafi einhverja aðkomu að þessu verkefni. Ýmsar hugmyndir ræddar t.d. um verklag og forsendur við gerð lógós m.a hvort hugsa mætti einhver tengsl við verkefnið “Áfangastaðurinn Austurland”. Ekki verður aðhafst frekar fyrir en forsendur liggja betur fyrir.

2.4. Ársfundur sjálfbærni-Verkefnisins 9. maí 2017

- Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri í Fjarðabyggð verður fundarstjóri.
- Forstjóri Alcoa (eða staðgengill) setur fund. Geir hefur samband við hann.
- Þema ársfundarins: Samfélagsvísar.
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og hennar teymi frá Félagsvísindastofnun kynna niðurstöður úr úttekt á sjálfbærni-Verkefninu. Reiknað er með að þar verði bæði umfjöllun um úttektina almennt og sérstök greining á samfélagsvísunum. Frekari upplýsingar um þeirra innlegg berast þegar nær ársfundi dregur.
- Af tilefni afmælisársins þykir við hæfi að fjalla um sögu verkefnisins í stuttu máli (u.þ.b. 10 mín) og fá til þess Ragnheiði Ólafsdóttur hjá Landsvirkjun. Árni hefur samband við Ragnheiði.
- Hefðbundinn liður á dagskrá ársfundar er hópavinna. Það er áformað á fá fóður í hana úr niðurstöðum Félagsvísindastofnunar.
- Kynning á nokkrum helstu niðurstöðum vöktunar 2016.

2.5. Afmælisárið 2017

Fulltrúar fyrirtækjanna í stýrihópi hafa forgöngu um að fyrirtækin komi að því að efnt verði til viðburðar í tengslum við afmælið.

- Mikilvægt að hafa viðburð og vera sýnileg.
- Verkefnið á afmæli í október.
- Hugmynd að hafa uppi á þeim sem voru til staðar í upphafi og horfa yfir farinn veg.
- Upplagt efni í þættina “Að austan”? Mætti jafnvel skrifa grein til birtingar?

3. Önnur mál

3.1. Næsti fundur verði símafundur, 28. mars er viðmiðunardagsetningin.